

26.10.2010

Vinnuverndarvikan 2010

**Framkvæmda- og eignasvið  
Reykjavíkurborgar**

fær viðurkenningu fyrir viðhald á  
þaki Laugardalshallar í Reykjavík

Rökstuðningur er eftirfarandi:

Viðhaldsverkið sem hlýtur viðurkenninguna er viðgerð og viðhald á þaki Laugardalshallar í Reykjavík. Það skal tekið fram að verkinu er ekki að fullu lokið. Verkið felst í að gera við yfirborðsskemmdir á kúlupaki, viðgerðir á rennum og burðarvirki, laga múrskemmdir og yfirborðs-meðhöndlun.

Viðhaldsvinnan á Laugardalshöll er hluti af völdum átaksverkefnum þar sem Reykjavíkurborg og Vinnumálastofnun leggjast á eitt um endurbætur og meiri-háttar viðhald á ákveðinni fasteign Reykjavíkurborgar. Þáttur Vinnumálastofnunar felst í því að styrkja verkefnið. Verkefninu er stýrt af hálfu verkefnisstjórnar Reykjavíkurborgar og eru starfsmenn Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar með eftirlit með verkinu. Iðnmeistari var ráðinn sem verkstjóri á staðnum, en verkefnisstjóri er frá Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar. Mikil áhersla er lögð á öryggi starfsmanna.

Það sem er sérstakt við þetta verkefni er að starfsmenn sem vinna við verkið höfðu allir verið atvinnulausir í marga mánuði áður en þeir voru ráðnir til að vinna þetta verk. Mikil áhersla var lögð á þjálfun þeirra áður en þeir hófu vinnu á þaki Laugardalshallar, þannig að tryggt væri að þeir væru vel undirbúnir til að vinna verkið á öruggan hátt.

Verkið flokkast undir að vera hættulegt og því mikilvægt að vanda allan undirbúning og framkvæmd þess. Keyptur var sérstakur fallvarnabúnaður, s.s. öryggisbelti og öryggislínur og allir starfsmenn fóru á námskeið í notkun búnaðarins. Einnig fengu starfsmenn sérstaka skó til notkunar á þakinu.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar hefur gefið út öryggis-handbók þar sem tekið er á helstu atriðum sem fylgja skal við allar framkvæmdir sem þeir standa fyrir. Þar er m.a. er farið yfir áhættumat og áhættugreiningar.

Efla, Verkfræðistofa sem kom að undirbúningi verksins, var fengin til að gera úttekt á eldri festingum á þaki fyrir festilínur fallvarnabúnaðar starfsmanna. Niðurstöður þeirrar skoðunar og prófanir leiddu til þess að ákveðið var að bæta við fleiri festingum á þakið.

Að verkinu hafa komið múrarar, húsmiðir, málarar og eftirlitsaðilar.  
Ekkert slys eða óhapp hefur orðið við framkvæmdina.

Laugardalshöllin er einstök bygging sem teiknuð var af Gísla Halldórssyni arkitekt. Hún var vígð 6. desember 1965. Hún hefur hýst marga stórviðburði eins og einvígi þeirra Fischers og Spassky um heimsmeistaratitilinn í skák árið 1972 svo eitthvað sé nefnt.

Við viðurkenningunni tekur fyrir hönd Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar: Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri.